

Þriðjudaginn 13. mars 1979.

Nr. 179/1978. Ákærvaldið

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Sigmundi Þór Símonarsyni

(Jón Oddsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.
Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Með sakargögnum þeim, sem rakin eru í héraðsdómi, þykir ákærði sannur að sök um brot það, er í ákæru greinir, og er brot hans fært réttilega til refsíákvæða í henni. Refsing hans samkvæmt 80. gr. laga nr. 40/1968, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976 og 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og 45. gr. laga nr. 82/1969 þykir hæfilega ákveðin 15 daga varðhald. Staðfesta ber ákvörðun héraðsdóms um ökuleyfissviptingu ákærða frá birtingu héraðsdóms að telja, en samkvæmt gögnum máls var dómurinn birtur ákærða hinn 9. september 1977. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, 60.000 krónur.

Ákærða var eigi skipaður verjandi í héraði, og hafði hann eigi uppi ósk um það. Mál ákærvaldsins gegn honum var þingfest 25. apríl 1975 fyrir brot það, sem hann er sakaður um að hafa framið 26. maí 1974. Í þinghaldi þessu var honum birt ákæra, framburður ákærða fyrir lögreglu var kynntur honum svo og framburður vitnisins Bjarna Sverrissonar fyrir lögreglu. Þá var hann spurður sjálfstætt um nokkur atriði, er brot hans varðar. Á dómþingum 5. apríl, 13. apríl og 2. maí 1977 voru yfirheyrð fjögur vitni og þrjú þeirra heitfest, en ákærði var eigi viðstaddur. Hinn 9. september 1977 kom ákærði í annað skipti fyrir dóm. Framburður hans í sakadómi 25. apríl 1975 var lesinn fyrir honum. Tók ákærði

fram eitt tiltekið atriði varðandi brot sitt. Að svo vöxnu er bókað svo í þingbók: „Ákærði kveðst ekki óska eftir að færa neitt frekar fram, áður en málið sé tekið til dóms“. Var málið síðan tekið til dóms. Samkvæmt þessu hafa ákærða eigi verið kynntir eiðfestir framburðir þriggja vitna, sem báru um brot það, sem hann er sakaður um í málinu, áður en héraðsdómari tók málið til dóms. Þá er eigi sýnilegt, að hann hafi verið spurður um, hvort ýmis önnur sakargögn ættu við hann, né að honum væri veittur kostur á að gera athugasemdir við þau.

Samkvæmt 78. gr. laga nr. 74/1974 er dómara boðið að kynna sökunaut „efni þeirra skjala, er varða gögn í opinberu máli . . .“ í síðasta lagi í lok rannsóknar. Er þetta grundvallaratriði í rannsókn opinberra mála, er styðst við veigamikil lagarök. Samkvæmt framansögðu hefur héraðsdómari eigi gætt reglna þessara, og ber að átelja hann fyrir það. Fyrir Hæstarétti hefur komið fram fullnægjandi vörn fyrir ákærða, og þykir því eigi óhjákvæmilegt, eins og hér stendur á, að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins í héraði.

Það athugast, að mikill dráttur hefur orðið á rekstri máls þessa í héraði, og er hann eigi réttlættur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Sigmundur Þór Símonarson, sæti 15 daga varðhaldi.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. september 1977.

Ár 1977, föstudaginn 9. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni saka-

dómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 448/1977: Ákærvaldið gegn Sigmundi Þór Símonarsyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

1. Málið var höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 27. desember 1974, gegn ákærða, Sigmundi Þór Símonarsyni rafvirkja, Vatnsendabletti 3, Reykjavík, fæddum þar í borg 6. nóvember 1949, fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 26. maí 1974 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum bifreiðinni R 34993 um troðninga og vegleysur nálægt heimili sínu.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku- leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

2.1. Í lögregluskýrslu segir, að sunnudaginn 26. maí 1974, kl. 0045, hafi komið á „lögreglustöðina“ Bjarni Sverrisson, Efsta- sundi 52 hér í borg. Hann tilkynnti, að „rétt áður“ hefði hann verið staddur við Elliðavatn og þá séð, að blárri Fiat bifreið hefði verið ekið með „óskapa sveiflum um vegleysur og annað, er fyrir varð, svo að eigi duldist, að ölvaður maður var stjórn- andi hennar“. Tveir lögreglumenn fóru að sinna þessu. Á vett- vang komu lögreglumennirnir að bifreiðinni R 34993 mannláusri. Vísað var á öikumanninn, sem reyndist vera ákærði, og leyndist hann undir gömlu bátaskýli niður við vatnið. Ákærði var hand- tekinn og færður fyrir Tryggva Friðlaugsson varðstjóra til yfir- heyrslu. Samkvæmt lögregluskýrslunni þrætti ákærði fyrir að hafa ekið bifreiðinni, en viðurkenndi að hafa gangsett hana. Að lokinni yfirheyrslu var ákærði færður til blóðtöku og síðan í fangageymsluna. Enn segir í skýrslunni „voru greinileg merki eftir hjólbarða bifreiðarinnar, þar sem sýnilegt var, að grassverð- inum var spólað upp.“

2.2. Í skýrslu varðstjórans segir, að ákærði hafi neitað því að hafa ekið bifreið, en kannast við að hafa neytt áfengis, „allar tegundir“, „20 lítra“, „hér og þar“, „alltaf einn“. Neðst á fram- hlið skýrslunnar er skrifað: „Ég var ekki að keyra. Sigm. Þ.“ Á bakhlið skýrslunnar, sem fjallar um „Útlit og önnur einkenni“, skráir varðstjórinn, að sterkur áfengisþefur hafi verið af andar- drætti ákærða, andlit hans þrútið, augu vot og blóðhlaupin, jafn- vægi mjög óstöðugt, málfar þvöglulegt og framburður samhengis- laus. Þá var ákærði kærulaus í framkomu og óhreinn til fara.

2.3. Klukkan 0920 næsta morgun var komið með ákærða til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni. Eftir að ákærði hafði heyrt framangreinda lögregluskýrslu, kvaðst hann ekkert hafa við hana að athuga. Ákærði kvaðst eiga umræddan bíl og mundi eftir að hafa gangsett vélina. Ákærði kvaðst hafa verið mjög mikið ölvaður og því muna illa atburðarásina. Ákærði skýrði einnig svo frá, að hann gæti ekki munað eftir því að hafa ekið bifreiðinni, en rámaði þó í það, að hann hefði verið að aka inni á lóðinni við húsið heima. Ákærði sagði, að hann hefði alls ekki ætlað að skapa neina hættu fyrir aðra með þessu háttalagi. Ákærði kvaðst hafa verið búinn að drekka mikið áfengi, þegar hann fór að eiga við bílinn. Hann mundi ekki fyrir víst, hvar hann var við drykkjuna, en minnti, að hann hefði verið heima. Ákærði greindi að lokum frá því, að hann hefði ekki ökuréttindi þá stundina, hann hefði verið sviptur þeim fyrir um ári, og átti sviptingin að gilda í eitt ár.

2.4. Eftir hádegi sama dag gaf Bjarni Sverrisson tollvörður, Efstasundi 13, fæddur 3. apríl 1950 í Reykjavík, skýrslu í málinu hjá rannsóknarlögreglunni. Hann skýrði svo frá, að hann hefði ekkert við lögregluskýrsluna að athuga, kvaðst hafa látið lögregluna vita vegna óvenjulegs ökulags, bifreiðinni hefði verið ekið um troðninga og vegleysur nálægt sumarbústaðnum að Vatnsendabletti 6, þar sem hann var staddur. Bjarni taldi, að ökumaðurinn hefði skapað mesta hættu fyrir sjálfan sig með þessu aksturslagi, en af akstrinum hefði stafað mikill hávaði og valdið miklu ónæði í nærliggjandi sumarbústöðum. Áður en Bjarni hélt á fund lögreglunnar, var maðurinn búinn að aka í um 20 mínútur. Þeim, sem til sáu, bar saman um, að sjálfsagt væri að segja til mannsins. Að lokum kvaðst Bjarni ekki þekkja þann, sem undir stýri sat, og ekki sá Bjarni neinn annan í bílnum.

2.5. Ákæra málsins var birt á dómþingi 25. apríl 1975. Ákærði neitaði þá að hafa ekið bifreiðinni R 34993 ölvaður umrætt sinn, en kannaðist við að hafa ekið henni smáspöl við heimili sitt. Ákærði hafði verið að reyna að gera við bensínstíflu, en það reyndist árangurslaust. Að því loknu kvaðst ákærði hafa drukkið úr rúmlega hálfri flösku af áfengi, sem hann átti í bílskúrnum. Ekki gat ákærði sagt um, hve langur tími leið frá því hann fór að neyta áfengis og þar til lögreglan kom, en það hefði verið „dágóð stund, ef til vill hálf tími“. Ákærði mótmælti því að hafa

ekið um vegleysur, enda slíkt ekki hægt, þar sem hér væri um að ræða litla og lága bifreið af Fiat gerð.

Eftir að framburður ákærða hjá rannsóknarlögrelunni, sbr. 2.3., hafði verið lesinn honum, kvað ákærði skýrsluna hafa verið hálfgerða nauðungarskýrslu, þar sem honum hefði skilist, að hann fengi ekki að fara, fyrr en hann skrifaði undir skýrsluna og hann hefði verið illa fyrirkallaður og viljað komast á brott.

Ákærði sagði, að um aðra en hann væri ekki að ræða sem öku-mann bifreiðarinnar umrætt sinn. Ákærði kvaðst hafa falið sig í bátaskýlinu niður við vatnið, þar sem hann hefði séð lögreglu-bifreið koma, er hann var að sýsla við vél bílsins, og hann vildi ekki láta taka sig. Ákærði neitaði því að hafa sagt lögreglu-mönnum, sem handtóku hann, að hann hefði gangsett bílinn.

Þegar framburður Bjarna Sverrissonar, sbr. 2.4., hafði verið lesinn ákærða, sagði hann, að varla hefði verið mikill hávaði í bílnum, þar sem púströrskerfið var í lagi.

Ákærði kvaðst í fyrstu ætla að skila sjálfur vörn í málinu eigi síðar en 25. maí 1975, en að athuguðu máli tók hann sér frest til að ákveða um vörn.

2.6. Bjarni Sverrisson kom fyrir dóm 31. mars sl. og gaf vitnisburð í málinu, sem hann staðfesti með eiði. Vitnið skýrði svo frá, að umrætt sinn hefði það verið gestkomandi í sumar-bústað hjá Stefáni Haraldssyni og konu hans, Guðrúnu Sigurðar-dóttur. Sá bústaður er nær vatninu en húsið, sem umræddur maður var við. Það, sem vakti fyrst athygli vitnisins og gestgjafa þess, var hinn mikli hávaði af bifreiðinni vegna stöðugra bensín-ingjafa. Fóru vitnið og Stefán að athuga málið og sáu þá, að bifreiðinni var ekið þarna um alfaratroðninga, utan lóða, sem liggja þarna að sumarbústöðunum. Var bifreiðinni ekið út af troðningunum, m. a. utan í börð. Fannst vitninu og Stefáni þetta kynlegt og töldu manninn vera ölvaðan. Varð því að ráði, að vitnið fór niður á Árbæjarlögrelustöð og tilkynnti um ferðir mannsins. Vitnið taldi, að það hefði verið 5—6 mínútur á leið-inni að lögreglustöðinni. Var brugðið vel við, og taldi vitnið, að lögreglan hefði verið komin á vettvang 10—15 mínútum eftir að vitnið gerði henni viðvart. Vitnið kvaðst hafa verið komið aftur að bústaðnum á undan lögreglunni. Þá var maðurinn annað hvort nýbúinn að stöðva bifreiðina eða var að bjástra við að koma henni í gang. Vitnið kvaðst hafa séð manninn fyrir utan bifreiðina, og er hann varð lögreglunnar var, hljóp hann niður

að vatninu og vitnið og lögreglan á eftir. Maðurinn reyndi að fela sig í skúrræksni og var tekinn þar af lögreglunni og settur í járn.

Vitnið sagði, að maðurinn hefði greinilega verið ölvaður. Vitnið kvaðst ekki hafa getað séð ástand mannsins greinilega, áður en það gerði lögreglunni viðvart og meðan hann var inni í bifreiðinni.

Ekki kvaðst vitnið hafa orðið vart við, að maðurinn væri með áfengisflösku, hvorki á hlaupunum né þegar hann var tekinn.

Eftir að skýrsla sú, sem vitnið gaf rannsóknarlögreglunni, hafði verið lesin vitninu, staðfesti það hana.

2.7. 13. apríl sl. kom fyrir dóm sem vitni Stefán Haraldsson rafsudumaður, til heimilis Ljósvallagötu 20, fæddur 21. apríl 1955 í Reykjavík, og gaf skýrslu um málavexti, sem hann staðfesti með eiði. Skýrði vitnið svo frá, að umrætt sinn hefði það, Bjarni og bróðir vitnisins, Jón Ingi, verið staddir í sumarbústaðnum Vatnsendabletti 6 (Vindási). Vitnið sagði, að ákærði hefði verið aðallega á næstu sumarbústaðalóð, sem faðir hans mun eiga. Ekki ók hann bifreiðinni þar, heldur á troðningi utan lóðanna og um móana. Bjarni fór til að láta lögregluna vita, en vitnið fylgdist með mannum á meðan. Maðurinn hélt áfram akstri, þar til hann festi bílinn á barði. Þá fór hann úr bílnum og gekk að geymslu við bústað föður síns. Þar var hann eitthvað að bjástra og gekk síðan aftur í bifreiðina. Vitnið heyrði, að maðurinn reyndi að gangsetja bifreiðina, og var hann enn að fást við það, er lögreglubifreiðin birtist. Þá stökk maðurinn úr bifreiðinni og reyndi að fela sig í bátaskýli, þar sem lögreglan tók hann. Vitnið sagði, að maðurinn hefði verið ölvaður, skítugur og illa til reika, en hann hefði ekki verið með neina áfengisflösku á hlaupunum og útilokað væri, að hann hefði neytt áfengis, eftir að lögreglan kom á staðinn.

2.8. Jón Ingi Haraldsson bifreiðarstjóri, Efstasundi 92, fæddur 29. júlí 1946 á Akranesi, gaf eiðvætti í dóminum 2. maí sl. Skýrði vitnið svo frá, að umrætt sinn hefði það, bróðir þess Stefán og Bjarni Sverrisson veitt athygli manni, sem „djöflaðist“ á bíl við næsta sumarbústað, bæði á vegi og utan vegar. Maðurinn fór síðan út af lóðinni og ók þar bæði á vegi og utan vegar. Þeir komu sér saman um, að rétt væri að láta lögregluna vita. Fór Bjarni til þess, og kom lögreglan fljótlega á vettvang. Eftir að Bjarni fór, sá vitnið, að maðurinn ók aftur inn á lóðina, en kvaðst ekki geta sagt um, hvort maðurinn var að aka allt fram að því,

að lögreglan kom á vettvang, en lögreglan handtók manninn í bátaskýli við Elliðavatnið. Vitnið kvaðst hafa séð, að lögreglan hljóp góðan spöl á eftir manninum niður að vatninu, en kvaðst ekki geta sagt um, hvort hann var að koma þá frá bílnum, þar eð hæð ber þarna á milli að nokkru. Vitnið kvaðst ekki hafa orðið vart við, að maðurinn væri með áfengisflösku.

Vitnið giskaði á, að 15—20 mínútur hefðu liðið, frá því að Bjarni fór frá bústaðnum og þar til lögreglan kom á staðinn.

Vitnið kvaðst hafa talið, að maðurinn væri ölvaður vegna aksturslagsins, eilífrar inngjafar og svo spóls. Þá sá vitnið manninn eitt sinn ganga frá bílnum að bústaðnum, og slagaði hann þá. Síðan fór maðurinn aftur að bifreiðinni og hélt áfram upp-
teknum hætti.

Magn alkóhóls í blóðsýni því, sem ákærða var tekið, reyndist 2.21%.

3. Samkvæmt sakavottorði ákærða, dagsettu 12. apríl sl., hefur hann sætt kærnum og refsingum, sem hér greinir:

- | | | |
|------|------|---|
| 1966 | 17/1 | Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun. |
| 1966 | 4/3 | Reykjavík: Dómur: 2.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuréttindum í 1 ár. |
| 1966 | 14/7 | Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun. |
| 1967 | 20/4 | Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 20. og 21. gr. áfengislaga. |
| 1967 | 5/8 | Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga. |
| 1967 | 22/9 | Reykjavík: Dómur: Varðhald í 20 daga fyrir brot á 27. og 80. gr. umferðarlaga. |
| 1967 | 8/11 | Reykjavík: Dómur: Varðhald í 15 daga fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur heimild til ökuréttinda í 15 mánuði frá 8/11 1967. |
| 1968 | 23/3 | Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga. |
| 1972 | 23/6 | Reykjavík: Sátt, 2.500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga. |
| 1972 | 3/9 | Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga. |
| 1973 | 25/9 | Reykjavík: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot á 38. gr. umferðarlaga. |
| 1974 | 18/1 | Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot á |

25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 30. október 1973.

4. Með framburðum framangreindra vitna, alkóhólgreiningu í blóði og öðrum gögnum málsins er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem í ákæru greinir, og varðar hún við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 27. gr., sbr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Ákærði hefur því unnið til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, sbr. 2. gr. og 50. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 5. gr. laga nr. 101/1976, og telst hún hæfilega ákveðin sekt að fjárhæð kr. 150.000 til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 25 daga, sbr. 53. gr. og 54. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 101/1976.

Við ákvörðun refsingar er tekið tillit til refsidóms frá 18. janúar 1974 og dómssátta frá 1. desember 1974 og 5. október 1975, sbr. 71. gr., 77. gr. og 78. gr. laga nr. 19/1940.

Samkvæmt 81. gr. laga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. laga nr. 82/1969 skal ákærði sviptur ökuréttindum ævilangt.

Að lokum ber samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 að dæma ákærða til greiðslu á sakarkostnaði málsins.

Dómsorð:

Ákærði, Sigmundur Þór Símonarson, greiði 150.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna, en sæti ella varðhaldi í 25 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði sakarkostnaðinn.